



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skorradalshreppur  
Hvanneyrargötu 3  
311 Borgarnes

Stykkishólmur, 6. febrúar 2024  
MÍ202402-0019 / 6.09 / M.A.S.

**Efni: Skorradalshreppur. Deiliskipulag frístundabyggðar -  
Kiðhúsbali í landi Fitja, nr. 0067/2024: Kynning tillögu á  
vinnslustigi**

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Þann 25. janúar 2024 óskaði sveitarfélagið Skorradalshreppur eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi fyrir deiliskipulag frístundarbyggðar - Kiðhúsdabali í landi Fitja, nr. 998/2023. Ekki er þörf á lýsingu skipulagsverkefnisins þar sem allar megin forsendur deiliskipulags liggja fyrir í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 og um er að ræða gamal gróna frístundabyggð. Í megin dráttum felur skipulagstillagan í sér skipulag 9 frístundalóða í frístundabyggð sem byggðist upp á árunum 1970 til 1983. Um er að ræða lóðirnar Fitjahlíð 47, 49, 51, 53, 54, 56, 58, 60 og 62. Skipulagssvæðið er samtals 2,3 ha að stærð og er beggja vegna Skorradalsvegar (508).

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir allt sveitafélagið af Fornleifastofnun Íslands 2017, en lokaskýrsla er ekki komin út. Minjavörður fór yfir skráningargögnum og eru engar fornleifar skráðar innan framkvæmdasvæðisins. Minjavörður kannaði einnig svæðið á vettvangi. Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir við tillöguna.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnssýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi síður rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.